

Kirkjuþing 2022-2023

28. mál - þskj. 28

T I L L A G A

til þingsályktunar um æskulýðsmál þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af Sigurði Grétari Sigurðssyni.

Frsm. Sigurður Grétar Sigurðsson.

Kirkjuþing 2022-2023 samþykkir að vísa því til biskups Íslands að við undirbúning prestsefna verði sérstök áhersla lögð á að efla prestsefni til að annast æskulýðsstarf fyrir ólíka aldurshópa og vera sjálfstæðir í sínum störfum.

Greinargerð.

Þjóðkirkjan hefur sett æskulýðsstarf á oddinn. Prestar, einkum í fámennari prestaköllum á landsbyggðinni, eru lykilaðilar til að standa fyrir kirkjulegu æskulýðsstarfi á hverjum stað. Sumar sóknir hafa haft aðgang að sjálfbodaliðum og launuðu starfsfólki í hlutastarfi til að annast æskulýðsstarf að einhverju leiti. Presturinn verður eftir sem áður kjölfestan í því vegna þess að í gegnum æskulýðsstarfið verða til ómetanleg tengsl við fjölskyldurnar í sóknunum. Athafnaþungi er sjaldnast sligandi og því öllum til heilla að presturinn hafi færni á þessu sviði. Slíkt tryggir líka tilveru prestsins og dregur úr að þjónustusvæðin verði óyfirstíganleg að stærð.